

Alþingi
Erindi nr. P 121/2005
komudagur 9.5.197



Reykjavík, 6. maí 1997

Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir formaður

Varðar: Frumvarp til laga um lögræðislag. 410. mál

Stjórn Heimilis og skóla hefur fjallað um frumvarp til lögræðis laga og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við allsherjarnefnd.

Frumvarpið í heild sýnist okkur bera með sér umbætur við framkvæmd ýmissa atriða sem varða sjálfræðissviptingu. Ákvæði um ráðsmenn þeirra sem ekki eru færir um að annast sín mál sjálfir virðast okkur einnig til bóta.

Það eru okkur mikl vonbrigði að frumvarpið sem lagt er fram skuli ekki fela í sér hækkun sjálfræðisaldurs. Við teljum ólilegt og sjálfsagt að fylgja barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að börn séu börn til 18 ára aldurs og skiljum raunar ekki hvers vegna börn á Íslandi ættu að vera ólík öðrum börnum. Oft er vitnað um sjálfstæði þeirra og þátttöku í atvinnulífi en þær aðstæður eru óðum að breytast og það sjálfstæði er kannsi oft á tíðum tilkomið vegna afskiptarleysis og vanrækslu hinna fullorðnu.

Íslendingar hafa almennt ekki hugað nógu vel að málefnum barna og unglinga. Örar þjóðfélagsbreytingar hafa raskað uppvaxtarskilyrðum og margir foreldrar eru óöruggir á uppeldisábyrgð sinni. Við teljum að börn eigi rétt á vernd og forsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs og til þess að hnykkja á þeim skyldum er nauðsynlegt að gera breytingu á frumvarpinu í þá veru.

Í okkar huga er fámennur hópur vandamálaunglinga ekki meginrökin fyrir hækkun sjálfræðisaldurs þótt auðvitað sé mikilvægt að koma þeim hópi til hjálpar og við treystum því að vilji alþingismanna sé sá að aðstoð og meðferðarúrræði séu tiltæk fyrir þennan hóp.

Enn og aftur ítrekum við sem sagt fyrri umsagnir okkar varðandi hækkun sjálfræðisaldurs og skorum á þingmenn að taka mark á þeim fjölda stofnana og samtaka sem hafa um árabíl hvatt til slíkrar breytinga.

Virðingarfyllt
F.h. stjórnar Heimilis og skóla

Unnur Halldórsdóttir
Unnur Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri